




Orlofshús

14





Ágæti félagsmaður



Sumarútleiga (júní-ágúst)

Opið er fyrir umsóknir um sumarleigu orlofshúsa á orlofsvef FIT frá miðjum febrúar fram í miðjan mars. Þar er hægt að númera þá valkosti sem umsækjandi vill fá og er þá fyrsti valkostur nr. 1, annar nr. 2 o.s.frv. Þannig má auka til muna möguleikana á að fá úthlutun. Að úrvinnslu lokinni er öllum umsækjendum sendur tölvupóstur með niðurstöðu umsóknarinnar og það sem ekki fer í úthlutun er sett á vefinn.

Vetrarútleiga

Flest húsa okkar eru einnig til útleigu að vetri til. Þá er ekki stuðst við punktakerfi heldur gildir að fyrstur pantar, fyrstur fær. **Um páska eru þó teknir 26 punktar fyrir leiguna.**

Pantanir utan sumarleyfistíma

Einfaldast er að fara inn á **www.fit.is** klicka á orlofshús og velja laus tímabil. Svo er að velja hús, skrá greiðslukortaupplýsingar og prenta út samning. Þá er einnig hægt að senda tölvupóst á **orlof@fit.is** eða hringja í síma 535 6000, þá verður að greiða með korti í gegnum síma eða fá bankaupplýsingar, leggja inn og fá samninginn sendan.

Öryggisnúmerin

Ef slys eða eldsvoði verður á strax að hafa samband við neyðarlínuna í síma **112** og gefa upp **öryggisnúmer** hússins sem þið eruð stödd í.

Efnisyfirlit

• Skorradalur - Borgarfjarðarsýslu.....	4-5
• Húsafell - Borgarfjarðarsýslu	6-8
• Svignaskarð - Mýrarsýslu	9
• Vogur á Mýrum - Mýrarsýslu	10
• Stykkishólmur - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.....	11
• Akureyri.....	12-14
• Illugastaðir í Fnjóskadal - Suður-Pingeyjarsýslu	15
• Klifabotn í Lónssveit - Austur-Skaftafellssýslu	16
• Hallskot í Fljótshlíð - Rangárvallasýslu	17
• Stóra Hof - Gnúpverjahreppi	18
• Úthlíð - Biskupstungum, Árnessýslu	19-21
• Brekkuskógur - Biskupstungum, Árnessýslu	22-23
• Þrastarskógur - Grímsneshreppi, Árnessýslu	24
• Öndverðarnes - Grímsneshreppi, Árnessýslu.....	25
• Ölfusborgir - Árnessýslu	26
• Vestmannaeyjar	27
• Reykjavík.....	28
• Orlofshús á Florida	29
• Ferðavagnaleiga	30
• Miðasala.....	31
• Reglur varðandi orlofshús FIT.....	32
• Síðan mín á orlofshúsavefnum.....	33
• Eitt og annað.....	34-35

Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Skorradalur Borgarfjarðarsýslu


Öryggisnúmer:

2106952



Vatnsendahlið, hús nr. 40

Húsið stendur við norðvestanvert Skorradalsvatn, í kjarrivöxnu landi niður við vatnið. Húsinu fylgir árabátur og veiðileyfi í vatninu. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Rafmagnskennt gufubað er í litlu húsi við hlið bústaðarins.



Húsið er 51 fm. að stærð og skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir sex manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Vatnsendahlið



Skorradalur



Skorradalur



Vatnsendahlið

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akranesi og í Borgarnesi

Skorradalur Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:

Efra hús: 2106571

Neðra hús: 2106859



Fitjahlíð, hús nr. 17 og 17a

Tvö hús eru við Skorradalsvatn í Borgarfjarðarsýslu. Þau standa við norðanvert vatnið í kjarrivaxinni hlíð. Tvö önnur hús eru á milli húsanna, annað er geymsla en í hinu er viðarkynt gufubað, sem er til sameiginlegra nota fyrir húsin. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með eldivið. Húsin eru 48 fm að stærð og skiptast í stofu, eldhús, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6



manns og miðast búnaður hússins við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsunum. Árabatur sem er niður í fjöru er sameiginlegur með húsunum og einnig fylgir veiðileyfi í Skorradalsvatni. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH: Langar tröppur eru upp að efra húsinu, því er aðgengi erfitt, sérstaklega að vetri til.

Í nágrenninu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Glymur, hæsti foss Íslands
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökul
- Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
- Golfvöllir á Akranesi, við Borgarnes og í Húsafelli
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi
- Hreppslaug, Skorradalshreppi



Skorradalur



Fitjahlíð




Kiðárbotnar 1

Húsið er 57,8 fm með 3 svefnherbergjum. Í húsinu er uppþvottavél, hljómtæki, sjónvarp og gasgrill, þá er sólpallur með heitum potti. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Búnaður miðast við 6 manns.

Á staðnum er sundlaug, verslun og veitingahús. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH. gæludýr eru leyfð í þessu húsi.

Bent er á að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þennan bústað.



Í nágrenninu:

- Snorralaug í Reykholti
- Snjóleðaferðir á Langjökul
- Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
- Golfvöllur í Húsafelli
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Surtshellir og hellirinn Víðgelmir
- Höggmyndir Páls í Húsafelli
- Hraunfossar
- Hreðavatn og Grábrók



Kiðárbotnar

Húsafell Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:


Birkilundi 2: 2108346

Birkilundi 3: 2108347



Birkilundur 2 og 3

Tvö hús eru við Birkilund í Húsafelli byggð 1987. Þau eru með sameiginlega innkeyrslu og bílastæði. Húsin eru 51 fm með tveimur svefnherbergjum þar sem 4 til 5 geta sofði og svefnlofti með 3 dýnum. Á gangi er snyrting með sturtu en stofa og eldhús eru í einu rými. Búnaður miðast við 8 manns. Í hvoru húsi eru einnig hljómtæki, sjónvarp og gasgrill. Stór pallur með heitum potti er við hvort hús. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Leiktæki eru á lóðinni. Á staðnum er sundlaug, verslun og veitingahús. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Barnafossar



Birkilundur


Upplýsingar er að fá í upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnrunni, Borgarnesi



Hvitárbrekkur 6

Rúmgott, glæsilegt orlofshús, byggt árið 2003. Húsið er 66 fm að grunnfleti auk ca. 25 fm svefnlofts. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, rúmgóða stofu með eldhúskróki og baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns og fylgja sængur og koddar. 3 dýnur eru á svefnlofti. Húsinu fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, örbylgjuofn, uppþvottavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð. Búnaður miðast við 10 manns.

Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Leiktæki eru á lóð. Umhverfið er allt kjarri vaxið. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Hvitárbrekkur



Hvitárbrekkur

Svignaskarð Mýrarsýslu

Öryggisnúmer:
2110855




Hús nr. 21

Þar er glæsilegt hús frá árinu 1993 en stækkað og lagfært 2011. Þjónustumiðstöð er á staðnum og þar eru lykjar afhentir. Sameiginlegt gufubað er í þjónustumiðstöð og sparkvöllur og leiktæki á staðnum.



Húsið er 65 fermetrar og skiptist í þrjú svefnherbergi, stóra stofu, eldhúskrók og baðherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Umsjónarmaður er á staðnum.



Í nágrenninu:

- Kaktusabúið Laufskálum
- Safnahús Borgarfjarðar
- Bjössaróló, Borgarnesi
- Langjökulsferðir, upplýsingar í Húsafelli
- Snorralaug í Reykholti
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Höggmyndir Páls í Húsafelli
- Útsýnisskífa, vatnstankinum Borgarnesi
- Barnafossar í Hvítá
- Kvíahellan í Húsafelli

Upplýsingar er að fá í þjónustumiðstöð og upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnnunni, Borgarnesi



Vogur

Vogur er fyrrum höfðingjasetur sem stendur við sjávarsíðuna um 30 km. frá Borgarnesi Húsið er 143 fm að stærð og mikið endurnýjað. Rúmstæði eru fyrir 8 manns og eitt barnarúm. Í húsinu er sjónvarp myndspilari gasgrill og útvarp með geislaspilara. Búnaður miðast við 8 manns.

Árabátur er á sumrin niður í fjöru. Farið varlega því straumar geta verið sterkir og gætið vel að flóði og fjöru. Rafmagnshitapottur er á palli með vatni í.

ATH. Ef skipt er um vatn tekur um sólarhring að hita hann upp að nýju. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er í Laxárholti.

Í nágrenninu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Golfvellið við Borgarnes
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökli
- Kvíahellan í Húsafelli
- Barnafossar í Hvítá
- Búvélasafnið á Hvanneyri
- Kaktusabúið Laufskálum
- Snæfellsjökull



Vogur



Borgarbraut 38

Í raðhúsallengju við Borgarbraut 38 í Stykkishólmi á félagið íbúð. Húsið stendur við golfvöll staðarins og fylgir golfkort húsinu. Í Stykkishólmi er margbætt þjónusta við ferðamenn. Íbúðin er 77 fm að stærð og skiptist í hol, baðherbergi, 2 svefnherbergi og



stofu með samliggjandi eldhúsi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðinni. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Stykkishólmur



Stykkishólmur


Í nágrenninu:

- Bátsferðir með Eyjaferðum
- Flatey
- Búðir og Arnarstapi
- Dritvík (aflraunasteinar)
- Vélsleðaferðir á Snæfellsjökul
- Sjómannagarðurinn, Helliissandi
- Lóndrangar austan við Malarrið
- Rauðfeldargjá í Botnsfjalli.
- Ölkelda í Staðarsveit

Smárahlið 16E Akureyri

Öryggisnúmer:

2150611



Hér er um að ræða fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi að Smárahlið 16E. Íbúðin er 92 fm að stærð. Hún skiptist í stofu, borðstofu, bað og 3 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og miðast allur búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðinni. Íbúðin hefur öll verið tekin í gegn og skipt um eldhúsinnréttingu.



Furulundur 10E og 10M Akureyri


Öryggisnúmer:

10E: 2146390

10M: 2146379



Í fjölbýlishúsinu að Furulundi 10 er um að ræða 2 íbúðir, 10E á efri hæð og 10M á neðri hæð. Öll blokkin hefur verið endurnýjuð, skipt um eldhúsinnréttingar í íbúðum FIT og allt málað og snyrt. Báðar íbúðirnar eru 50 fm. að stærð og svefnpláss fyrir 4. Barnarúm, sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðunum. Búnaður er miðaður við 4 í hvorri íbúð.



Furulundur 6L Akureyri

Öryggisnúmer:

2146349



Íbúðin er á efri hæð og er 80 fm með tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og eitt lítið með kojum. Auk þess er svefnsofi í stofu. Í íbúðinni er þvottavél, uppþvottavél, útvarp, sjónvarp og myndspilari. Gasgrill er á svölum. Búnaður er miðaður við 5 manns.



Sundlaugin á Akureyri




Akureyri

Upplýsingamiðstöð ferðamála er að Hafnarstræti 82, Akureyri

Furulundur 11A Akureyri

Öryggisnúmer:

2146397



Hér er um að ræða glæsilega rúmgóða íbúð í endaraðhúsi. Íbúðin hefur öll verið tekin í gegn og skipt um eldhúsinnréttingu. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Svefnstæði eru fyrir 6 manns miðast búnaður við það.

Íbúðinni fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, þvottavél, uppþvottavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofsíbúðum af bestu gerð.



Godafoss



Námaskarð

Í nágrenninu:

- Askja
- Herðubreiðarlindir
- Hrísey
- Mývatn
- Dimmuborgir
- Námaskarð
- Vaglakógur
- Síldarsafnið á Siglufirði
- Laufás og Möðruvellir

Upplýsingamiðstöð ferðamála er að Hafnarstræti 82, Akureyri

Illugastaðir í Fnjóskadal Suður-Pingeyjarsýslu

Öryggisnúmer:

2161373



Illugastaðir eru um 50 km austan við Akureyri. Í Fnjóskadal hefur risið töluverð orlofshúsabyggð. Á staðnum er sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Einnig er þar verslun með helstu nauðsynjum. Umsjónarmaður er á staðnum.

Húsið er 48,5 fm að stærð og skiptist í stofu með samliggjandi eldhúsi, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir sex. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.

Í nágrenninu:

- Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti
- Vaglaskógur
- Dettifoss og Goðafoss
- Flatey á Skjálfanda
- Herðubreiðarlindir og Askja
- Kröfluvirkjun
- Háhitasvæðið við Námaskarð
- Útsýnisflug frá Mývatni
- Hljóðaklettur og Ásbyrgi
- Dimmuborgir



Jarðböðin við Mývatn



Öskjuvatn

Upplýsingamiðstöðvar ferðamála eru á tjaldsvæðinu, Mývatni og á Húsavík

Klifabotn í Lónssveit Austur-Skaftafellssýslu

Öryggisnúmer:

2179966



Klifabotn er um það bil þrjátíu km austan við Höfn í Hornafirði, nánar tiltekið í Lónssveit. Á staðnum er gufubað, sameiginlegt með öðrum húsum í orlofsbyggðinni. Sparkvöllur og leiktæki eru einnig á staðnum.

Húsið er 54 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi og 3 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Jökulsárlón



Hvalnes og Þvottárskiður


Í nágrenninu:

- Bátsferðir um Jökulsárlón
- Hestaferðir
- Bygðasafn A-Skaftafellssýslu, Höfn
- Skipulagðar Vatnajökulsferðir
- Ferðir á Lónsöræfi
- Hofskirkja í Öræfum
- Svartifoss í Þjóðgarðinum í Skaftafelli
- Þjóðgarðurinn í Skaftafelli
- Friðlandið á Ingólfshöfða
- Útsýnið frá Almannaskarði

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Höfn í Hornafirði

Hallskot í Fljótshlíð Rangárvallasýslu

Öryggisnúmer:
2194322



Húsið stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn Hallskot í Fljótshlíð. Þangað er um tuttugu mínútna akstur frá Hvolsvelli. Húsið er 51 fm. og skiptist í tvö svefnherbergi með hjónarúmi og koju í hvoru herbergi. Uppi er 25fm. svefnloft, þar eru 2 dýnur. Búnaður miðast við 8 manns.

Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Rafmagnshitapottur er á palli með vatni í.

ATH. Ef skipt er um vatn tekur um sólarhring að hita hann upp að nýju. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Í nágrenninu:

- Bleiksárgljúfur í innanverðri Fljótshlíð
- Breiðabólstaður í vestanverðri Fljótshlíð
- Þórsmörk (jeppafært)
- Golfvöllurinn, Strönd
- Hekla
- Skógræktarstöðin Tumastaðir
- Snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul
- Gluggafoss í Merkjá
- Byggðasafnið að Skógum.
- Stakkholtsgjá á Þórsmörkurleið



Reynisdrangar



Hallskot

Upplýsingamiðstöð ferðamála er að veitingastaðnum Hlíðarenda, Hvolsvelli

Stóra Hof Gnúpverjahreppi


Öryggisnúmer:

2236156



Húsið er 60 fm að stærð auk 9 fm geymslu, skammt frá Árnesi í Gnúpverjahreppi. Þar er verslun og má sækja þangað ýmsa þjónustu. Glæsileg sundlaug er í Árnesi. Húsið er með svefnstæði og búnað fyrir 8 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.

Á veröndinni er heitur pottur. Nokkur sumarhús eru á svæðinu og leiktæki fyrir börn. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er Eyþór Brynjólfsson í Árnesi sími 897 1112



Hjálparfoss



Stóra Hof

Í nágrenninu:

- Þjórsárdalur
- Virkjanir s.s. Búrfellsvirkjun og Vatnsfellsvirkjun
- Veiðivötn
- Hekla
- Árnes
- Flúðir
- Laugarvatn
- Hjálparfoss

Úthlíð Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2293900



DJÁKNAVEGUR 6


Húsið er byggt árið 2006 og stendur við Djáknavæg 6, Úthlíð, Bláskógabyggð og er 83 m² að stærð, auk svefnlofts. Rúmstæði og sængur eru fyrir 7 manns í þremur svefnherbergjum, á svefnloftinu eru 3 dýnur. Í húsinu er sjónvarp, myndspilari, útvarp með geislaspilara, þvottavél, þurrkari, uppvottavél og gasgrill. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. Símanúmer í öryggishliði kemur fram á leigusamningi.

Í nágrenninu:

- Sundlaug í Úthlíð
- Geysir, Gullfoss, Skálholt, Flúðir, Reykholt og Laugarás
- Þjórsárdalur: Gaukshöfði, Hjálparfoss, Þjóðveldisbærinn
- Stöng og Gjár foss
- Sundlaug við Laugarvatn
- Hekla
- Bátsferðir á Hvítá
- Hestaferðir
- Jöklaferðir
- Bátsferðir á Hvítá
- Húsdýragarður í Laugarási



Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.



Djáknavægur 6

Úthlið Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2218760




SKÓGARÁS 1

Húsið er um 60fm að stærð með 3 svefnherbergjum. Tvíbreitt rúm er í einu herbergi, tvær kojur í öðru og tvíbreið koja og einbreitt rúm í því þriðja. Barnarúm, þvottavél, uppvottavél, örbylgjuofn, bakaraofn, gasgrill, sjónvarp og myndspilari er í húsinu. Búnaður miðast við 7 manns. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH. gæludýr eru leyfð í þessu húsi.

Bent er á að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þennan bústað.



Sundlaugin í Úthlið



Skógarás 1

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni

Úthlið Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:
2278705



Húsið er við Kóngsveg 1 og er 54 fermetrar að stærð. Rúmstæði eru fyrir 5 í 2 herbergjum og á svefnlofti eru 2 dýnur. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, uppþvottavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Búnaður miðast við 7 manns. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Símanúmer í öryggishliði kemur fram á leigusamningi.

Kóngsvegur 1



Úthlið Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:
2247712



Kóngsvegur 3

Húsið sem er 62 fermetrar stendur við Kóngsveg 3, en aðkeyrsla er frá Skyggisvegi. Rúmstæði eru fyrir 7 í 3 herbergjum. Búnaður miðast við 10 manns. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, uppþvottavél, örbylgjuofn og

ATH. Aðgengi að Kóngsvegi 3 er frá Skyggisvegi.

eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. Símanúmer í öryggishliði kemur fram á leigusamningi.

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni

Brekkuskógur Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2251041



Heiðarbraut 8

Húsið er 65 fm. að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir 7 manns, stofu með eldhúskrók og baðherbergi á gangi. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Á pallinum er



heitur pottur. Gætið þess að byrgja pottinn **ávallt** ef hann er ekki í notkun. Búnaður hússins miðast við 7 manns. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Heiðarbraut 8



Gullfoss

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Selfossi

Í nágrenninu:

- Rjómbúðið á Baugsstöðum
- Þjórsárdalur
- Gönguferð um þéttbýliskjarnann á Laugarvatni
- Geysisstofa
- Hestaleigur
- Sögusetrið á Hvolsvelli
- Veðiðeyfi í vötnum og ám
- Kerið
- Sólheimar
- Þrastarskógur



Heiðarbraut 10

Húsið er 65 fm. að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir 7 manns, stofu með eldhúskrók og baðherbergi á gangi. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Á pallinum er



heitur pottur. Gætið þess að byrgja pottinn **ávallt** ef hann er ekki í notkun. Búnaður hússins miðast við 7 manns. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Í nágrenninu:


- Byggðasafnið að Gröf, Flúðum
- Húsdýragarðurinn Slakki í Laugarási
- Veitingahúsið Lindin, Laugarvatni
- Bátaleigan á Laugarvatni
- Gönguferðir meðfram Fullsælum og Brúará
- Geysir og Gullfoss
- Skálholt og Flúðir
- Þjóðveldisbærinn á Stöng



Heiðarbraut 10



Heiðarbraut 10



Selhólsvegur 2

Húsið er 66 fm að grunnfleti. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, stofu með eldhúskróki og rúmgott baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns miðast búnaður við það.

Húsinu fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, örbylgjuofn, uppþvottavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð.

Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Hlið er inn á orlofshúsasvæðið og er það læst á veturna. Lyklagleysla er við hliðið með sama númeri og lyklagleyslan við húsið.

Í nágrenninu:

- Sundlaug í Úthlíð
- Geysir
- Gullfoss
- Gufubað við Laugarvatn
- Hestaferðir
- Njáluslóðir
- Jöklaferðir
- Hekla
- Bátsferðir á Hvítá
- Skálholt
- Húsdýragarður í Laugarási



Selhólsvegur 2



Sogið

Öndverðarnes Grímsneshreppi, Árnessýslu


Öryggisnúmer:

2316876



Réttarhólsbraut 40

Húsið er 64 fm frá árinu 2007. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 6 manns auk barnarúms. Í stofu er sjónvarp, DVD- og CD spilari og útlarp. Í eldhúsi er örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 6 manns.



Á veröndinni er gasgrill og heitur pottur. Gætið þess að bygja **ávallt** heitapottinn ef hann er ekki í notkun. Í næsta nágrenni er sundlaug, leiksvæði og golfvöllur. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Réttarhólsbraut 40



Sundlaugin í Öndverðarnesi


Í nágrenninu:

- Þingvellir
- Listasafn Árneseinga, Hveragerði
- Fjörurnar við Eyrabakka og Stokkseyri
- Veðiðisafnið á Stokkseyri
- Draugasafnið á Stokkseyri
- Þuríðarbrúð á Stokkseyri
- Byggðasafn Árneseinga í Húsinu á Eyrabakka
- Sjóminjasafnið á Eyrabakka
- Kaupfélagssafnið á Hvolsvelli



Hús nr. 29

Þetta er orlofsbyggð með 38 húsum. Húsið er nýlega uppgert. Heitur pottur er á verönd. Þjónustumiðstöð er á staðnum, þar sem aðgangur er að gufubaði og heitum potti. Þar er einnig hægt að fá upplýsingar um nágrennið. Húsið er 58 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús,



garðskála, baðherbergi og 2 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 5 manns og miðast búnaður hússins við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Þingvellir

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Hveragerði og á Selfossi

Í nágrenninu:

- Eyrarbakka- og Stokkseyrarfjörur
- Þuríðarbúið á Stokkseyri
- Ferðir á Langjökul
- Bærinn Stöng og Sögualdarbærinn í Þjórsárdal
- Seglbrettasiglingar og bátaleiga á Laugarvatni
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Rjómaþúfið á Baugsstöðum, Stokkseyrarhreppi
- Vatnasleðaleiga á Svínavatni
- Kirkjustaðurinn Skálholt
- Gjárfoss í Rauða, Þjórsárdal




Heiðarvegur 7

Húsið sem stendur við Heiðarveg 7 er tvílyft og er íbúðin sem er á efri hæð hússins 133 fermetrar. Þar eru 4 svefnherbergi með rúmstæðum fyrir 7 manns og miðast búnaður hússins við það. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsaðhold og borðbúnaður, uppþvottavél,



örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilar. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll, einnig þvottavél, þurrkari og gasgrill.





Hátún 4

Íbúðin er á sjöttu hæð í blokk og er 77 fermetrar. Þar eru 2 svefnherbergi. Í öðru er hjónarúm og í hinu eru tvö 80 sm breið rúm og er búnaður íbúðarinnar miðaður við að 4 geti gist þar. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsahöld og borðbúnaður, uppþvottavél,

örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislasplari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill.

ATH. í dagleigu allt árið.



Orlofshús á Florida



Orlando

Húsið okkar á Florida er í Orlando í Windsor Hills hverfinu. Heimilisfangið er 2705 Manesty Lane, Kissimmee FL 34747.

Húsið er á tveimur hæðum með 6 svefnherbergjum sem skiptast þannig: 4 herbergi með hjónarúmum og 2 herbergi með tveimur rúmum. Það eru 4 klósett í húsinu. Svo er stofa, eldhús, borðstofa, gangar og bílskur (sem er með leiktækjum). Í bakgarðinum er lítil sundlaug.

Húsið stendur í lokuðu hverfi (resort) þar sem er klúbbhús með allskonar aðstöðu s.s. stórrí útisundlaug, útileiktækjum og þessháttar og inni er leiktækjasalur og líkamsræktaraðstaða. Aðgangur

að þessari aðstöðu er frír fyrir þá sem eru í húsinu og hvetjum við okkar fólk til að nota þessa aðstöðu. Í því sambandi bendum við á að rafmagn og vatn er mjög dýrt í Orlando og biðjum við fólk að hafa það í huga svo hægt verði að halda húsaleigunni í lágmarki.

Árlega, fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00, er opnað fyrir leigu næsta árs á eftir (heilt ár).

Húsið er í dagleigu auk þess sem greiða þarf þrífagjald fyrir hverja leigu. Miðað er við að hver leiga fari ekki mikið yfir 2 vikur og er fólk beðið að virða það.



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Ferðavagnaleiga

Ferðavagnar

FIT hefur ákveðið fyrirkomulag á leigu ferðavagna. Ekki verður hægt að fá tjaldvagna í gegnum orlofssíðu FIT, heldur verður hver og einn að annast leigu að öllu leiti sjálfur.

Eftir 12. ágúst verður síðan hægt að koma með eða senda umsókn ásamt fullnaðar kvittun um leigu á hverskonar ferðavagni til skrifstofu FIT í Reykjavík og fá í staðinn 20.000 króna orlofspunktaávisun vegna leigunnar að uppfylltum skilyrðum.

- Félagsmaður þarf að leggja til 20 orlofspunkta af orlofspunktareikningi sínum hjá FIT.
- Leigusamningur verður að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera starfandi og skráð ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera 6 dagar eða lengur.

Aðeins þeir sem ekki fá aðra fyrirgreiðslu úr orlofssjóði geta fengið orlofspunktaávisun. Þannig á sá sem fær úthlutað bústað ekki rétt á að fá orlofspunktaávisun, sama á við þann sem fær úthlutað ferðaávisun.





Reglur í orlofshúsum FIT

Leyfi til að hafa gæludýr meðferðis í bústaði

Stjórn Félags iðn- og tæknigreina hefur samþykkt að leyfa félagsmönnum að hafa með sér gæludýr í tvö af orlofshúsum félagsins þ.e. Kiðárbotna 1 Húsafelli og Skógarás 1 Úthlíð. Bent er á að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðunum. Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði. Einnig skal bent á að verði fólk uppvíst að því að vera með gæludýr í öðrum húsum, verður því gert að yfirgefa húsið strax og gert að greiða allan tilfallandi kostnað vegna hreinsunar á húsinu. Auk þess verður fólki gert að sæta banni við leigu á orlofshúsum félagsins.

Reglur um opnun á leigu á orlofsvef FIT

Tímabilið Janúar – mars (fram til páska) er opnað 15. október eða fyrsta virkan dag á eftir kl 13:00

Tímabilið apríl – maí (þar með páskaleigan og tímabilið fram að sumarútleigu) er opnað fyrsta virkan dag í janúar kl 13:00

Tímabil sumarútleigu (það sem ekki leigist í forgangsleigu) er opnað samkvæmt auglýsingu í fréttabréfi og heimasíðu, hverju sinni.

Tímabilið sept. – des. er opnað fyrsta virkan dag í maí kl.13.00

Hátún í Reykjavík er opnað fyrsta virkan dag í hverjum mánuði kl. 13:00. Þá opnast 7. mánuður frá þeim degi.

Húsið í Orlando er sett inn 1. virka dag í mars kl. 13 og þá opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 3. mars 2014, kl. 13:00 er opnað fyrir allt árið 2015

Verð á leigu í orlofshúsum á Íslandi er endurskoðað að vori, fyrir sumarútleigu, en verð á húsinu í Orlando er endurskoðað 1. mars .

Reglur um endurgreiðslu fyrir leigu, aðra en húsið í Orlando:

Sækja þarf um endurgreiðslu með tölvupósti á fit@fit.is. og greina frá ástæðum.

Alltaf er haldið eftir 10% af leigu hvort sem um er að ræða vetrar- eða sumarleigu. Ef ekki næst að endurleigja er ekkert endurgreitt.

Endurleigist húsið er endurgreitt hlutfallslega eftir því hve mikið endurleigist, þó er alltaf haldið eftir 10%.

Punktur vegna sumarleigu eru ekki bakfærðir þó endurleiga eigi sér stað.

Hamli veður för þannig að leigjandi komist ekki í húsið, þarf að senda tölvupóst til félagsins og tilkynna það áður en leigutími hefst. Það er forsenda þess að möguleiki sé á endurgreiðslu.

Komi til endurgreiðslu er það alltaf í formi inneignar á orlofsvef FIT.

Reglur um endurgreiðslu ef hætt er við leigu á húsinu í Orlando:

Sækja þarf um endurgreiðslu með tölvupósti á fit@fit.is. og greina frá ástæðum.

Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 5% af leigu.

Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 25% af leigu.

Sé afbókað síðar en meira en 4 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 50% af leigu.

Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt. Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema 5%.


Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu eru 5% dregin af og endurgreitt hlutfallslega.

Síðan mín á orlofshúsavefnum



www.fit.is

Þegar félagsmenn skrá sig inn á orlofshúsavef FIT þá bætist einn hnappur við sem heitir „Síðan mín.“ Þar undir eru fjórir flokkar: Mínar umsóknir, kort & miðar, mínar upplýsingar og umsagnir um leigueignir. Undir mínar umsóknir er hægt að skoða allar umsóknir sem viðkomandi félagsmaður hefur sótt um og stöðuna á þeim. Með því að ýta á stækkunaglerið  þá er hægt að sjá sundurliðun á hvaða eign var bókuð, leigutímabilið, verð, punktakostnað, stöðuna á umsókn og hægt að



prenta kvittun með þessum hnappi  eða prenta út leigusamning með þessum hnappi.  Undir kort og miðar er hægt að sjá þau kort eða þá miða sem viðkomandi félagsmaður hefur keypt. Undir mínar upplýsingar eru skráðar upplýsingar eins og netfang félagsmanns, símanúmer hans og heimilisfang. Þar er einnig hægt að breyta upplýsingum. Í umsagnir um leigueignir er hægt að gefa viðkomandi orlofshúsi einkunn og gefa umsagnir með því að ýta á þennan hnapp. 



Allar nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu Félags iðn- og tæknigreina, sími: 535-6000

Eitt og annað

Úthlutunarreglur

Á sumrin eru húsin og íbúðirnar leigðar félagsmönnum til vikudvalar í senn, en á öðrum tímum eftir samkomulagi. Úthlutun fer fram eftir punktakerfi og eru reglur um ávinnslu og frádrátt punkta eftirfarandi:

Ávinnsla punkta

Hver félagsmaður sem greitt hefur fullt félagsgjald ávinnur sér einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann er í félaginu.



Umgengni

Umgengni lýsir innra manni og eru allir hvattir til að umgangast orlofshúsin með sóma. Ef eitthvað er athugavert við umgengni eða þrífnað húsanna við komu þá látið vita á skrifstofu félagsins.

Tæki og tól

Í öllum húsunum eru eldhúsahöld, sængur og koddar. Einnig eru barnarúm og barnastólar í öllum húsunum. Nánari upplýsingar um fylgihluti hvers húss og skiptitíma er að finna í leigusamningi sem leigutaki fær við greiðslu.

Frádráttur orlofspunkta við úthlutun

- Frá fyrsta föstudegi júnímánaðar til síðasta föstudags í júní eru dregnir frá 26 punktar. Sama á við um allar tilboðsferðir (ferðaávisanir).
- Frá síðasta föstudegi júnímánaðar fram í miðjan ágúst eru dregnir frá 36 punktar.
- Frá miðjum ágúst til fyrsta föstudags í september og einnig um páska eru dregnir frá 26 punktar.
- Við úthlutun á öðrum tímum koma engir punktar til frádráttar. Engir punktar eru dregnir af við leigu á íbúðinni í Hátúni 4 í Reykjavík né húsinu á Flórída.

Ef fleiri en ein umsókn er um sama húsið á sama tímabili ræður punktafjöldi hver hreppir hnossið. Ef punktafjöldi er jafn ræður sú umsókn sem berst fyrst. Á umsóknareyðublöðum um orlofshús er gefinn kostur á allt að sex valmöguleikum. Því fleiri valkosti sem merkt er við, þeim mun meiri líkur eru á úthlutun. Vetrarúthlutun skerðir ekki rétt til sumarúthlutunar.

Munið neyðarnúmerið

112

Við brottför

- Þrifa húsið, grillið og heita pottinn
- Takið sjónvarp og útvarp úr sambandi
- Athugið hvort allir gluggar séu lokaðir og kræktir
- Hurðir vel lokaðar og læstar
- Lykillinn kominn í lykaskáp eða til umsjónarmanns
- **Ekki taka hita af húsinu við brottför**

Nauðsynlegt

- rúmföt
- borðklútar
- diskapurrkur
- salernispappir

Eitt og annað



Staður	Fm.	Svefn- pláss	Heitur pottur	Gufu- bað	Um- sjón	Ára- bátur	Gas- grill	Veiði- leyfi	Geisla- spilari	Þvotta- vél	Upp- þvotta- vél
Skorradalur 40	51	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17a	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já
Húsafell/Kiðárb.1	58	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 2	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 3	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Húsafell/Hvítárþ.	77	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Svignaskarð	50	6	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Vogur á Mýrum	143	8	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já
Stykkishólmur	77	6	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Smárah.	92	8	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur. 10E	50	6	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Akureyri/Fur. 10M	50	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Akureyri/Fur. 6L	80	4-5	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Akureyri/Fur. 11A	106	6	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Illugastaðir	48	6	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Nei
Klifabotn	54	6	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei
Hallskot	51	8	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Stóra Hof	60	8	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Úthlið/Skógarás	60	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Úthlið/Djáknv.	83	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Úthlið/Kóngsv. 1	54	5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Úthlið/Kóngsv. 3	62	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Brekkuskógur 10	54	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Brekkuskógur 8	65	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Prastarskógur	66	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Öndverðarnes	65	5	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Ölfusborgir	58	5	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já
Vestmannaeyjar	133	7	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Reykjavík	77	4	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já

Útgefandi: Félag iðn- og tæknigreina

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hilmur Harðarson

Umsjón með prentverki: Penta ehf.

Filmuvinnsla og prentun: Stafræna Prentsmiðjan

© af kortum: Landmælingar Íslands, leyfisnúmer 111-94



Skelltu þér í orlofshús - bókaðu beint á netinu

Á orlofshúsasíðu FIT eru félagsmenn leiddir í gegnum bókunarferlið.

Hægt er að fylla út umsókn um sumarleigu eftir að opnað hefur verið á það að vori.

Hægt er að greiða fyrir sumarleigu og prenta út samning eftir að úthlutun er lokið.

Félagsmenn geta bókað, greitt og prentað út samning fyrir vetrarleigu í rauntíma.

Allar nánari upplýsingar á þjónustuskrifstofu iðnfélaga sími 535 6000

www.fit.is